

FUNDARGERÐ

396. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 19. sept. 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkeldsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Hrafn Magnússon, Sjöfn Ingólfssdóttir, Guðmundur Gunnarsson, og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

Í upphafi fundar lagði formaður fram neðangreinda bókun;

Til bókunar frá formanni

Að gefnu tilefni vil ég að færð verði til bókunar eftirfarandi ummæli mín í byrjun þessa fundar.

Nú eru liðnir sjö mánuðir frá því ég var kosinn formaður Félags eldri borgara í Reykjavík. Ég hef lagt fram lista yfir þau málefni, fundi og athafnir mínar frá einum mánuði til annars. Meðfylgjandi þessari bókun minni er listi yfir athafnir mínar, í þágu FEB, það sem af er lífað september. Í þessum skráum um störf mín er ekki upptaldar símhringingar, fyrirgreiðslur og einkafundir með fólki sem gengur á minn fund. Eða ég á þeirra. Ennfremur minni ég á blaðagreinar mínar og viðtöl í útvarpi og sjónvarpi.

Sem formaður FEB hef ég ekki verið á launum, að eigin ákvörðun.

Það er rétt að ákveðið var að halda stjórnarfundum fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, nema nauðsyn kallaði á annað. Á fyrsta þriðjudegi september mánaðar, lá fyrir að bæði formaður og framkvæmdastjóri yrðu fjarverandi í ferð FEB til Austfjarða og þess vegna þurfti að halda fund á öðrum degi. Í dag var boðaður stjórnarfundur í ljósi tíðinda í stjórnámálum (fráfall ríkisstjórnarinnar) og kallað eftir skjóttum viðbrögðum og fundi til að meta stöðuna.

Auðvitað hefur það ekki farið framhjá mér, að einn stjórnarmaður hefur ítrekað gagnrýnt störf mín og vinnubrögð. Jafnvel niðrandi. Ég geri mér grein fyrir að eflaust koma upp tilefni til að gagnrýna störf mín, enda er ég ekki fullkominn frekar en aðrir. En ærumeiðandi póstar á netinu, ummæli um yfiringang minn og ókurteisi gagnvart stjórnarmönnum og „skrípaleikur“ af minni hálfu, eru ummæli sem ég hef ekki áhuga á að sitja undir.

Á áttæðisaldri hef ég tekið að mér forystu í félagi eldri borgara. Ég hef lagt mig fram um að standa mig, en ég sækist ekki eftir leiðindum og fúlmennsku á síðasta aldurskeiði mínum. Á síðustu ævikvöldum mínum. Ég mælist til þess að stjórnarmenn ræði þessa stöðu að mér fjarstöddum og verði heiðarlegir, í mati sínu um frammistöðu mína og formennsku. Ef óánægja er fyrir hendi um störf mín og framkomu, virði ég hana og læt af störfum þegar í stað.

Ég mun ganga af fundi, meðan aðrir stjórnarmenn fá tækifæri til að ræða þetta ástand. Við þá ákvörðun verður að styðjast við hagsmuni og heiðarleika. Ég mun virða niðurstöðuna.

1. Staða mála í stjórnámálunum

Stjórnarfundur flýtt vegna stöðu á vettvangi stjórnámálanna. Formaður skýrði frá skilaboðum sem hann fékk frá aðstoðarmanni félagsmálaráðherra um að fundur yrði haldinn í dag þriðjudag þar sem frekar yrði farið yfir kröfur eldri borgara. Samþykkt sú hugmynd um stóran fund og farið verður þess á leit við LEB að koma þar að. Tveir fundir, einn stóran með öllum framboðum og svo annan með fulltrúum framboðanna með stjórn FEB.

2. Skipan kjaranefndar FEB

Samþykkt tillaga formanns um þá Hrafn Magnússon sem formann, Guðrúnu Árnadóttur, Sjöfn Ingólfssdóttur og Finn Birgisson og fá svo ákveðna einstaklinga til viðbótar til starfa með nefndinni.

4. Fasteignagjöldin – framhald umræðu / tillögur

Lagðar fram „Hugleiðingar um fasteignagjöld“ frá Brynjólfi Sigurðssyni sem fenginn var til að vinna með formanni og framkvæmdastjóra að tillögum fyrir borgarstjóra / stjórn.

5. Samstarf við Hringbraut

Frestað þar sem ekki var komið erindi.

6. Önnur mál

Boð frá Hrafnistu um fund vegna fyrirhugaðra bygginga við Sléttuveg – samþykkt að Anna Þrúður og Sigríður S. mæti fyrir hönd FEB.

Fundur um byggingarmál á vegum velferðarráðuneytisins sem FEB hefur verið boðið á; *Greining á tækifærum til lækkunar húsnæðiskostnaðar - samstarf Velferðarráðuneytis og húsnæðisfélaga sem rekin eru án hagnaðarkröfu.* Mánudag 25. september.

Framkvæmdastjóri mætir f.h. félagsins.

Hugleiðingar um lækkun aðgangs að íþróttaviðburðum – formaður tekur málið upp við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR).

Hér yfirgaf formaður fundinn og stjórn fundaði áfram að honum fjarstöddum.

Stjórn félagsins samþykkti eftirfarandi yfirlýsingu vegna bókunar formannsins á stjórnarfundinum.

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, lýsir fullum stuðningi við formann félagsins og þakkar honum óeigingjarnt starf í þágu eldri borgara. Stjórnin telur að það sé mikill fengur að því að hafa formann sem hefur jafn mikla og fjölbreytta reynslu af margvíslegu félagsstarfi og Ellert. Það hefur nýst félaginu mjög vel. Stjórn félagsins tekur alls ekki undir þá gagnrýni sem einn stjórnarmanna hefur ítrekað sett fram í tölvupóstum til allrar stjórnarinnar.

Formaður kom síðan inn á fundinn að nýju þar sem honum var kynnt ofangreind samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.20.

Samþykkt;